



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 23. janúar 2019
MÍ201901-0109/ 6.09 / K.M.

Efni: Leynir. Deiliskipulag.

Minjastofnun Íslands hefur móttakið tölvupóst skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra frá 14. des. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi fimm lóða úr landi jarðarinnar Leynis.

Áður höfðu verið afmarkaðar fjórar lóðir á sama svæði þar sem byggja á frístundahús. Minjastofnun veitti umsögn um þá tillögu með bréfi til sveitarfélagsins dags. 16.11.2015. Vakin var athygli á að sú aðkoma frá Landvegi 26 að lóðunum, sem þá var fyrirhuguð, lægi að öllum líkindum um tóftasvæði. Sú tillaga sem nú er til umfjöllunar gerir ráð fyrir að fimmtu lóðinni verði bætt við. Þar á að byggja íbúðarhús, bílskúr, gestahús og geymslu. Þá hefur aðkomu að svæðinu verið breytt þannig að hún fer ekki um áðurnefnt tóftasvæði.

Undirritaður starfsmaður Minjastofnunar Íslands skoðaði deiliskipulagssvæðið að nýju á vettvangi 18. jan. s.l. Engar vísbendingar um fornleifar fundust innan svæðisins.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi fimm lóða úr landi jarðarinnar Leynis í Rangárþingi ytra eins og hún var kynnt stofnuninni með uppdrætti og greinargerð dags. 04.12.2018. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings ytra (birgir@ry.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ávarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.